



TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. **P 137/S04**  
komudagur **3. 7. 2009**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 29. júní 2009.


**Málefni:** *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samningsveð, nr. 75/1997, 39. mál, lagt fyrir 137. löggjafarþing Alþingis 2009.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 26. júní sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samningsveð, nr. 75/1997.

Efnisákvæði frumvarpsins hafa ekki bein áhrif á innheimtu opinberra gjalda eða aðra starfsemi embættisins. Það er hins vegar mat Tollstjóra að verði frumvarpið að lögum geti það í vissum tilvikum leitt til þess að auðveldara getur orðið fyrir skuldara að standa í skilum með aðrar skuldbindingar sem á honum hvíla þar sem ábyrgð hans í þessu sambandi takmarkast við andvirði hinnar veðsettu eignar.

Með vísan til ofanritaðs gerir Tollstjóri ekki sérstakar athugasemdir um ofangreint lagafrumvarp.

Virðingarfyllst,

  
Sigurður Skúli Bergsson  
aðstoðartollstjóri